

Föstudaginn 12. maí 1933.

Nr. 179/1932. **Einar Jónsson** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Kristjáni Linnet bæjarfógeta sem
skiptaráðanda í þrotabúi Soffíu Þórð-
ardóttur, Stefáni Árnasyni og Jónatan
Snorrasyni** (Bjarni P. Johnson).

Ómerking.

Úrskurður skiptaréttar Vestmannaeyja 14. júlí 1931:
Krafa Einars Jónssonar, að upphæð kr. 1376,76, verður
ekki tekin til greina við skipti búsin.

Dómur hæstaréttar.

Vetrarvertíðina 1930 var áfrýjandi, Einar Jónsson á Moldnúi, formaður á útvegi Soffíu Þórðardóttur, kaupkonu í Vestmannaeyjum. Um áramótin 1930—1931 er hann talinn eiga hjá henni vegna þessara skipta kr. 1376,76. Þann 6. febr. 1931 var bú Soffíu tekið til gjaldþrotaskipta, og 8. maí s. á. var áðurnefndri kröfu áfrýjanda lýst í bú hennar. En sama dag gaf hinn stefndi skiptaráðandi út sjódómsstefnu fyrir áfrýjanda á sig sjálfan f. h. þrotabúsins út af kröfu þessari, og 30. s. m. vék hann sæti í sjódóminum í máli þessu. Þann 14. júlí næsta á eftir hélt hinn stefndi skiptaráðandi svo skiptafund í búinu. Þar mættu báðir hinir meðstefndu í máli þessu, og annar þeirra, Stefán Árnason, mótmælti þá kröfu áfrýjanda, sem skiptaráðandinn tók nú til meðferðar, enda þótt honum væri kunnugt, að mál um hana á hendur búinu var fyrir sjódómi. Áfrýjandi var ekki mættur á skiptafundinum, enda gat hann alls ekki búizt við því, að krafa hans yrði tekin þar til meðferðar, með því

að hún var þá komin fyrir sjódóm. Samt sem áður kvað skiptaráðandi þegar upp úrskurð þess efnis, að krafa þessi skyldi ekki tekin til greina við skipti búsins. Þrátt fyrir þetta mætti skiptaráðandinn sjálfur fyrir sjódómi 31. okt. s. á. fyrir hönd þrotabúsins án þess að geta þess að nokkru, að sjálfur hafði hann kveðið upp áðurnefndan úrskurð um kröfuna. Hélt sjódómsmálið leiðar sinnar, og var dómur í því kveðinn upp 21. marz f. á.

Úrskurðinum frá 14. júlí 1931 hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar, að fengnu áfrýjunarleyfi og gjafsókn 19. okt. f. á., með stefnu, útgefinni 14. nóv. s. á. Hefir hann aðallega krafizt þess, að úrskurðurinn verði ómerkur dæmdur og málinu vísað frá skiptaréttinum, og að hinn stefndi skiptaráðandi verði, f. h. þrotabúsins dæmdur til þess að greiða áfrýjanda málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Af hálfu hinna stefndu hefir verið mætt hér fyrir dómi, og hefir umboðsmaður þeirra samþykkt ómerkingarkröfu áfrýjanda og krafizt þess að málskostnaður verði látinn falla niður.

Með því að meðferð kröfu áfrýjanda á skiptafundinum 14. júlí 1931 var fullkomin lögleysa, þar sem mál um hana var fyrir sjódómi, svo sem fyrr segir, og með því að ekki er ágreiningur um aðalkröfu áfrýjanda, þá ber að dæma hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð ómerkan. Hinsvegar þykir ekki ástæða til að vísa málinu frá skiptaréttinum, með því að væntanleg dómkrafa um sama efni kemur á sínum tíma fyrir skiptaréttinn.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma hinn stefnda skiptaráðanda, f. h. þrotabús Soffíu Þórðardóttur, til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og það væri ekki gjafsóknar-

mál, þar á meðal 80 krónur til skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir flutning hans á málinu fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður á að vera ómerkur. Hinn stefndi skiptaráðandi, Kristján bæjarfógeti Linnet, greiði, f. h. þrotabús Soffíu Þórðardóttur, allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og það væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal 80 krónur í málflutningslaun til skipaðs talsmanns áfrýjanda, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarmálaflutningsmanns, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. maí 1933.

Nr. 50/1932. Böðvar Bjarkan, f. h. Ingvars Guðjónssonar (Jón Ásbjörnsson)

gegn

hafnarnefnd Siglufjarðar, f. h. hafnarsjóðs

(Cand. jur. Einar B. Guðmundsson).

Krafa áfrýjanda um afslátt á leigu vegna dráttar á afhendingu hins leigða og vanefnda eigi tekin til greina.

Dómur gestaréttar Siglufjarðar 3. júní 1931: Stefnda, hafnarnefnd Siglufjarðar, f. h. hafnarsjóðs kaupstaðarins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandinn, Böðvar Bjarkan, f. h. Ingvars Guðjónssonar, Akureyri, greiði hafnarnefnd Siglufjarðar, f. h. hafnarsjóðs kaupstaðarins, 400 krónur í málskostnað.